

Kæri nemandi!

Skólaárið 2024-2025 er hafið og er því undirbúningur fyrir haustönnuna í fullum undirbúningi. Meðal annars er verið að búa til stundatöflur fyrir alla nemendur og á meðan þeirri vinnu stendur er lokað fyrir INNU. Við stefnum á að opna fyrir stundatöfluna **mánudaginn 19. ágúst** en kennsla hefst **miðvikudaginn 21. ágúst**, strax að lokinni **skólasetningu kl. 08:30**.

Um leið og opnað verður fyrir INNU þá sérðu m.a. bókalista (líka hægt að skoða á heimasíðu, sjá [hér](#)) en mikilvægt er að nemendur komi með **námsgögn** við upphaf skólans því kennsla hefst af fullum krafti strax á fyrsta degi. Einnig er mikilvægt að nemendur **hafi aðgang að fartölvu** eða öðrum tölvubúnaði og við minnum á að nemendur geta hlaðið niður **Office pakkanum frítt** í gegnum vefsíðu skólans. Hægt verður að **leigja skápa** í anddyri skólans með því að senda tölvupóst á [skrifstofa@flensborg.is](mailto:skrifstofa@flensborg.is). Einnig að kaupa **10 og 20 skipta matarkort** í heitan mat í mötuneytinu, 10 skipti á kr. 9.500, 20 skipti á kr. 19.500.

**Töflubreytingar** fara fram dagana **20. – 21. ágúst** og fara þær fram rafrænt í gegnum INNU. Einnig geta nemendur fengið aðstoð við að laga töfluna í **stofu H101** (útskriftarefni í **M307**) **miðvikudaginn 21. ágúst frá kl. 14:00 – 16:00**. Áfangastjóri mun minna á þetta þegar nær dregur en finna má **leiðbeiningar** varðandi töflubreytingar á vefsíðu skólans.

### Að lokum

Eins og sjá má hér að ofan þá er ýmislegt framundan og því mikilvægt að fylgjast vel með tölvupósti þínum og fréttum á vefsíðu skólans og samfélagsmiðlum. Einnig að fylgjast vel með á INNU því þar koma allar helstu upplýsingar fram um námið, heimavinnu og fleira. Einnig bið ég þig líka um að kynna þér helstu reglar skólans, m.a. almennar skólareglur og reglur um mætingu.

Hlökkum alltaf til að sjá þig!

Bestu kveðjur,

Erla Sigríður Ragnarsdóttir,  
skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði

---

Erla S. Ragnarsdóttir

Skólameistari Flensborgarskóla

Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland

[www.flensborg.is](http://www.flensborg.is)

S: +354 565 0400

